

Ár 2014, fimmtudaginn 20. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör þjóðminjavarðar

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Þjóðminjavörður er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða þjóðminjaverði laun.

II.

Með ákvörðun kjararáðs nr. 2013.4.028 frá 20. september 2013 voru þjóðminjaverði ákveðin laun. Með bréfi dagsettu 13. október 2013 óskar þjóðminjavörður eftir því að nánara mat fari fram á launum hans sem taki betur mið af þverfaglegu hlutverki Þjóðminjasafns Íslands á nokkrum fagsviðum. Líkja megi starfsemi Þjóðminjasafnsins við stofnanir sem heyri undir mismunandi fagráðuneyti. Sambærileg þjóðarsöfn í nágrannalöndunum heyri stundum undir fleiri en eitt ráðuneyti vegna breiðs ábyrgðarsviðs slíkra safna. Þjóðminjasafn Íslands heyri nú undir forsætisráðuneytið en hafi áður heyrt undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í bréfinu segir að ábyrgðarsvið Þjóðminjasafns Íslands sé skilgreint í lögum um Þjóðminjasafn Íslands, í safnalögum og í lögum um menningarminjar. Þjóðminjasafnið sé höfuðsafn á sviði menningarminja og þjóðminjavörslu og háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag. Þá sé Þjóðminjasafnið rannsóknastofnun. Einnig hafi það umsjón með 44 friðuðum húsum og minjastöðum um land allt.

Í bréfi þjóðminjavarðar er ítarlega gerð grein fyrir starfsemi og hlutverki Þjóðminjasafnsins. Fram kemur að það sé öllum minjasöfnum landsins til ráðgjafar og stuðli að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu. Það sé leiðandi á landsvísu á sviði verndunar á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innanlands og utan. Þjóðminjasafnið beri ábyrgð á fjölbættu varðveislustarfi sem færa megi rök fyrir að sé þverfaglegra en hjá öðrum þjóðmenningarstofnunum. Það skýrist meðal annars af því að menningarminjar séu afar margbreytilegar. Þjóðminjasafnið sé ein elsta stofnun landsins og varðveiti því skjöl, handrit, listaverk, hús, tækniminjar, muni og myndir. Auk þess að vera menningarminjasafn, sé Þjóðminjasafnið einnig listaverkasafn eldri myndlistar. Þá sé stærsta ljósmyndasafn landsins innan vébanda þess, þ.e. Ljósmyndasafn Íslands. Þjóðminjasafnið sé með starfsstöðvar á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu með samtals 60 starfsmönnum. Öryggisgeymslur séu á fjórum stöðum þar sem safnkostur sé varðveittur og miðstöðvar forvörslu og skráningar séu staðsettar. Í bréfinu segir jafnframt að Þjóðminjasafnið standi að og stuðli að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga ásamt fjölbættri útgáfu fræðilegra rita um þær. Þá sé ótalið menntunarhlutverk þess á öllum skólastigum, t.d. fari þar fram safnkennsla á grunnskólastigi í samræmi við námsskrá. Í bréfinu kemur jafnframt fram að húsasafnið sé meðal merkustu byggingasögulegra minja landsins. Húsin séu í eigu safnsins sem beri ábyrgð á öllum þáttum varðveislu þeirra og verndun, rekstri og aðgengi. Þá hafi rekstur Þjóðmenningarhússins verður færður til Þjóðminjasafnsins og auki það verulega umfang embættis þjóðminjavarðar.

Þjóðminjavörður óskar eftir því að við ákvörðun launakjara verði tekið tillit til þessarar ábyrgðar þjóðminjavarðar sem skilji sig að hluta frá forstöðumönnum annarra menningar-

stofnana. Hið breiða hlutverk Þjóðminjasafnsins sé ekki öllum kunnugt þar sem stór hluti starfseminnar sé ekki eins sýnilegur og sá sem snúi að gestum safnsins.

Kjararáð ákvað í kjölfar bréfs þjóðminjavarðar að endurupptaka ákvörðun um laun og starfskjör þjóðminjavarðar.

Með bréfi dagsettu 16. október 2013 gaf kjararáð forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 28. nóvember 2013. Í bréfinu er ekki tekin afstaða til erindisins.

Forsætisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 13. desember 2013. Í bréfinu segir að ráðuneytið hafi kynnt sér ítarlega starfsemi Þjóðminjasafnsins og þeirra stofnana sem undir safnið heyra og verkefni þjóðminjavarðar þar að lútandi. Fyrir liggir að starfsemin sé afar umfangsmikil eins og fram komi í gögnum þjóðminjavarðar. Ráðuneytið styður þær röksemdir sem fram koma í erindi þjóðminjavarðar og fer þess á leit að kjararáð taki tillit til þeirra við ákvörðun launakjara.

Með bréfi dagsettu 17. desember 2013 fékk þjóðminjavörður sent bréf forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í tölvubrési þjóðminjavarðar dagsettu 23. desember 2013 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna.

Þjóðminjavörður kom á fund kjararáðs þann 23. janúar 2013 og gerði nánari grein fyrir starfsemi Þjóðminjasafns Íslands.

III.

Fjallað er um starfsemi og verkefni Þjóðminjasafns Íslands í lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, safnalögum nr. 141/2011 og lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Fyrrgreindir lagabálkar tóku allir gildi 1. janúar 2013.

Samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands er það eign íslenska ríkisins og fer ráðherra með yfirstjórn þess. Safnið er höfuðsafn á sviði menningarminja. Þjóðminjasafnið er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag. Ráðherra skipar forstöðumann, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn og skal hann hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Þjóðminjavörður stjórnar starfsemi safnsins og rekstri þess. Hann ræður starfsmenn þess og er í fyrirsvari fyrir safnið.

Hlutverk Þjóðminjasafnsins er að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar. Safnið annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innanlands og utan. Fjallað er ítarlega um hlutverk og verkefni Þjóðminjasafnsins í 3. gr. laganna. Meðal nýmæla má nefna að Þjóðminjasafnið tekur nú við munum, sýnum og öðrum rannsóknargögnum úr fornleifarannsóknum, sbr. einnig 40. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Einnig eru umsjón og eftirlit með kirkjugripum færð undir ábyrgð Þjóðminjasafnsins að nýju með lögnum.

Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum. Samstarf Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa. Þá er safninu heimilt að veita öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í

gagnkvæmum þjónustusamningum við einstaka háskóla. Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknarstaða kennd við dr. Kristján Eldjárn.

Samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 eru höfuðsöfn þrjú: Listasafn Íslands, Náttúru-minjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði. Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi í safnaráði stöðu sinnar vegna. Höfuðsöfn skulu hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna og þau skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan. Þá segir í lögnum að safnkostur höfuðsafna skuli vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skuli jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.

Þjóðminjavörður situr í fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd stöðu sinnar vegna, sbr. lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Þjóðmenningarhúsið heyrir undir Þjóðminjasafn Íslands. Húsið er friðað og er vettvangur til að kynna íslenska sögu og menningararf. Starfsemi hússins felst einkum í sýningarhaldi. Aðstaða er fyrir sýningar, fundi, samkomur, fyrirlestra, listviðburði, opinberar athafnir og aðra viðburði.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð úrskurðaði um launakjör þjóðminjavarðar 20. september 2013. Horft var til breytinga á löggjöf og starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og við ákvörðun launakjara var höfð hliðsjón af launakjörum forstöðumanna annarra menningarstofnana landsins. Við ákvörðun launakjara nú telur kjararáð rétt að aukið tillit verði tekið til þverfaglegs hlutverks Þjóðminjasafnsins og fjölþættrar starfsemi þess auk þess sem ábyrgð á rekstri Þjóðmenningarhússins hefur verið færð til Þjóðminjasafnsins. Kjararáð telur því, með vísan til alls þess sem að framan segir, að tilefni sé til hækkunar á launum þjóðminjavarðar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun þjóðminjavarðar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2013 skulu mánaðarlaun þjóðminjavarðar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú krónur 790.521. Að auki skal greiða honum 23 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör þjóðminjavarðar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson